


Alþingi
Erindi nr. P 133/1007
komudagur 16.2.2007



Alþingi, Samgöngunefnd
Margrét María Grétarsdóttir
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd
Data Protection Authority

Rauðarbrú 10 105 Reykjavík Iceland
tel.: 354 510 9600 fax: 354 510 9606
e-mail: postur@personuvernd.is
web page: personuvernd.is

Reykjavík, 14. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020132 PS/--

Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum

Persónuvernd vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti (436. mál, 133. löggjafarþing). Einkum eru það ákvæði 5. og 7.–9. gr. frumvarpsins sem varða vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd telur ekki tilefni til athugasemda við 7. og 8. gr., sem og a-lið 9. gr. og þær fyrri tvær málsgreinar sem í b-lið sömu greinar er lagt til að komi á eftir 1. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003. Hins vegar gerir stofnunin athugasemdir við 5. gr. og þriðju málsgreinina sem í 9. gr. er lagt til að komi á eftir framangreindu ákvæði laganna.

1.

Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að réttur samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 81/2003 til sundurliðaðs símreiknings afmarkist ekki við sundurliðun eftir þjónustu. Samkvæmt athugasemdum frumvarpsins við þetta ákvæði á með afnámi þeirrar afmörkunar að tryggja áskrifanda að fjarskiptaþjónustu rétt til sundurliðunar eftir símanúmerum. Með „áskrifanda“ er þá átt við þann einstakling eða lögaðila sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu, sbr. 7. tölul. 3. gr. laganna.

Áskrifandi er ekki í öllum tilvikum notandi símaþjónustu. Á mörgum vinnustöðum tíðkast að starfsmönnum séu fengnir farsímar sem ekki eru aðeins til vinnunota. Er almennt litið svo á að starfsmenn hafi visst svigrúm til að nota síma til persónulegra nota. Eigi vinnuveitandi, sem er áskrifandi að símaþjónustu, að geta fengið sundurliðað nákvæmlega í hvaða númer hver og einn starfsmaður hefur hringt er ljóst að starfsmenn geta orðið fyrir verulegri einkalífsskerðingu.

Í athugasemdum frumvarpsins við umrætt ákvæði er vísað til dóms Evrópudómstólsins frá 14. september 2004 í máli nr. C-411/02, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að Austurríki hefði brotið gegn Evrópulöggjöf með því að gera ekki ráð fyrir rétti áskrifanda til sundurliðunar símreikninga eftir símanúmerum. Í málinu hafði Austurríki uppi þá málsástæðu að slík sundurliðun stríddi gegn sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga. Dómstóllinn hafnaði þeirri málsástæðu ekki efnislega en tók hana ekki til greina vegna þess að allan rökstuðning fyrir henni vantaði, sbr. 23. mgr. dómsins. Er þannig ekki hægt að útiloka að

dómstóllinn kunni síðar að telja takmarkanir á sundurliðun á grundvelli umræddra sjónarmiða geta samrýmst Evrópulöggjöf í ákveðnum tilvikum, þ.e. að því gefnu að færður sé fullnægjandi rökstuðningur fyrir slíku.

Til að tryggja að við sundurliðun reikninga sé gætt sjónarmiða um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga leggur Persónuvernd til, með vísan til framangreinds, að 1. mgr. 38. gr. laga nr. 81/2003 hljóði svo:

„Áskrifendur talsímabjónustu eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða og skulu áskrifendur alþjónustu eiga rétt á slíkum reikningum án þess að greiðsla komi fyrir. Við sundurliðun skal þess gætt að friðhelgi einkalífs notanda sé virt. Séu notandi og áskrifandi ekki einn og hinn sami, og símtæki ekki aðeins til vinnunota heldur einnig einkanota, skal áskrifandi ekki fá sundurliðun eftir þeim símanúmerum sem notandi hefur hringt í. Þegar sérstaklega stendur á, s.s. þegar símkostnaður hefur farið fram úr því sem eðlilegt má telja, á áskrifandi þó rétt á slíkri sundurliðun að því marki sem hún er nauðsynleg, enda hafi notandi þá fengið viðeigandi fræðslu.“

2.

Athugasemdir við niðurlag 9. gr. frumvarpsins

Í b-lið 9. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 1. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 komi þrjár nýjar málsgreinar. Eins og fyrr greinir telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda við þær fyrstu tvær. Hins vegar gerir stofnunin athugasemdir við þá þriðju, en hún hljóðar svo:

„Óheimil er hlustun, upptaka, geymsla eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti nema hún fari fram með samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum. Notkun njósnahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notanda til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans er einungis heimil í lögmatum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda.“


Með þessari málsgrein er ætlunin að innleiða ákvæði 1. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 2002/58/EB um einkalífsvernd og vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum. Þessi ákvæði tilskipunarinnar hafa að geyma ólíkar reglur. Hið fyrra gerir kröfu um *samþykki* þegar fjarskipti eru hleruð. Hin síðari gerir ráð fyrir að það nægi að notandi fjarskiptabjónustu hafi *vitneskju* um tiltekinn búnað sem felur í sér söfnun faldra upplýsinga, s.s. smygildi (e. cookies), og hafi þar að auki rétt til að *hafna* notkun búnaðarins.

Í ljósi þess að um ólíkar reglur er að ræða að þessu leyti leggur Persónuvernd til að málsgreininni verði skipt upp í tvær í málsgreinar fyrir skýrleika sakir. Síðari málsliðurinn standi þannig sem sérstök málsgrein.

Auk þess leggur Persónuvernd til að aftan við síðari málsliðinn komi nýr málsliður sem innleiði þá reglu tilskipunarinnar að fjarskiptanotandi á rétt á að andmæla notkun smygilda og samsvarandi búnaðar. Hinn nýi málsliður gæti verið svohljóðandi: „Hefur hann rétt til að hafna notkun slíks búnaðar.“

Einnig vekur Persónuvernd athygli á því að samkvæmt 1. másl. umrædds ákvæðis frumvarpsins á hlerun án samþykkis að geta farið fram samkvæmt heimild í lögum. Í ljósi þess að íslensk lög gera aðeins ráð fyrir að hlerun fari fram að fengnum dómsúrskurði leggur Persónuvernd til að í stað orðanna „samkvæmt heimild í lögum“ komi orðin „að fengnum dómsúrskurði“.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson', written over the printed name below.

Þórður Sveinsson
lögfræðingur